Nr. 787 1. júlí 2024

# REGLUGERÐ

**um (5.) breytingu á reglugerð nr. 992/2022 um tilkynningar um markaðssetningu, auk leyfisveitinga, og innihaldsefna nikótínvara, rafrettna og áfyllinga fyrir rafrettur sem innihalda nikótín.**

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Heimilt er að selja rafrettur og áfyllingar sem tilkynntar voru og fluttar inn til landsins fyrir 1. febrúar 2024 og innihalda meira magn af nikótínvökva en tilgreint er í 2. mgr. 6. gr. til 1. desember 2024.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. mgr. 8. gr. laga um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, nr. 87/2018, tekur þegar gildi. Á sama tíma fellur reglugerð um (4.) breytingu á reglugerð nr. 992/2022 um tilkynningar um markaðssetningu, auk leyfisveitinga, og innihaldsefna nikótínvara, rafrettna og áfyllinga fyrir rafrettur sem innihalda nikótín, nr. 765/2024 úr gildi.

*Heilbrigðisráðuneytinu, 1. júlí 2024.*

**Willum Þór Þórsson.**

*Ásta Valdimarsdóttir.*

B-deild – Útgáfudagur: 5. júlí 2024